X 2 und

Þinggerð 23. þings U.M.S.K.

Þingið var sett að Amtmanns-stíg 1 í Reykjavík þ. 9 des. 1945 kl 10 f.h. af formanni sambandsins, Gísla Andréssyni. Hann bauð fulltrúana velkomna. Var síðan gengið til dagskrár.

Kosinn kjörbréfanefnd

Kosnir voru:

Ólafur Ág. Ólafsson

Teitur Guðmundsson

Jóhann ~~Ólafsson~~ Guðmundsson

Álit kjörbréfanefndar. Ól. Ág. Ólafsson hafði orð fyrir nefnd-inni og kvað hana hafa orðið sam-mála um, að fulltrúar væru alli-rétt kjörnir. Formaður las þá upp nöfn fulltrúanna og bað þá standa upp um leið og nafn þeirra væri nefnt. —

Kjörbréf höfðu komið fyrir eftir-talda fulltrúa:

Frá U.M.F. Afturelding:

Magnús Lárusson

Jóhann Guðmundsson

Jóel Jóelsson

Frá U.M.F. Reykjavíkur:

Grímur S. Norðdahl

Haraldur Steinþórsson

Böðvar Pétursson

Stefán Magnússon

Sigríður Ingimarsdóttir (varafulltrúi (í stað Bjargar Rikharðsdóttur)

Frá U.M.F. Kjalnesinga

Ólafur Bjarnason

Teitur Guðmundsson

Frá U.M.F. Drengur

Ólafur Ág. Ólafsson

Oddur Þórðarson
Gestur Andrésson
Njáll Guðmundsson
Elín Ellertsdóttir

IV. Kosnir starfsmenn þingsins: Forseti var kjörinn Gestur Andrésson, varaforseti Haraldur Steinþórsson, ritarar Sigríður Ingimarsdóttir og Böðvar Pétursson, öll kosin í einu hljóði.

V. Skýrsla stjórnarinnar.

a) Skýrsla formanns: Formaður skýrði frá störfum stjórnarinnar á liðnu starfsári.

b) Skýrsla gjaldkera: Gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga sambandsins. Voru reikningarnir komnir undir atkvæði og samþykktir.

VI. Lagabreytingar. Forseti kvaðst taka þennan lið á undan VI lið dagskrárinnar til þess að hægt væri að kjósa sérstaka laganefnd, ef ástæða þætti til. Gaf hann formanni síðan orðið. Ræddi form. síðan stöðu Ungmennafélags Reykjavíkur innan U.M.S.K. S.l. vetur gekk U.M.F.R. í Íþróttabandalag Reykjavíkur, sem er í Í.S.Í. Nú væri í ráði að U.M.S.K. gengi í Í.S.Í. og yrði því að breyta lögum samb. samkv. því. En í lögum Í.S.Í. er ákvæði um það, að ekki megi eitt félag vera í tveim íþróttasamböndum innan Í.S.Í. í senn. Væri því óhjákvæmi-

legt fyrir U.M.F.R. að segja
sig úr U.M.S.K., ef það
gengi í Í.S.Í. — Ræddi
form. síðan nokkuð afstöðu
ungmennasambandanna til
Í.S.Í. Kvað hann nú orðið
illmögulegt fyrir samböndin
að senda félaga sína til íþrótta-
keppni án þess að vera með-
limir Í.S.Í. Taldi hann því
ráðlegast að U.M.S.K. bæði um
upptöku í Í.S.Í. — Las hann
síðan lög U.M.S.K. Lagði fram
uppkast að lögum héraðssamband-
er væru innan Í.S.Í. — Lagði
til að síðustu, að sérstök nefnd
yrði kosin til lagabreytinga. —
Þá tók til máls Grímur Nord-
dahl. Áleit hann lagabreytinga-

óþarfa, því að U.M.S.K. yrði
að sjálfsögðu að hlíta lögum
Í.S.Í. fyrir héraðssambönd.
Haraldur Steinþórsson lagði
til að kosin yrði sérstök félags-
málanefnd til þess að athuga
uppkast að lögum sam-
bandsins og afstöðuna til
U.M.F.R. Var sú tillaga sam-
þykkt.

VII. Nefndarkosningar

Félagsmálanefnd:

Stefán Magnússon
Gísli Andrésson
Jóhann Guðmundsson
Teitur Guðmundsson
Grímur Norddahl

Allsherjarnefnd:

Ólafur Ág. Ólafsson

Ungf. Haraldur Steinþórsson
Jóel Jóelsson
Njáll Guðmundsson
Böðvar Pétursson

<u>Fjárhagsnefnd</u>

Ólafur Þórðarson
Oddur Þórðarson
Magnús Lárusson
Ólafur Bjarnason
Elín Ellertsdóttir

<u>VIII</u> <u>Landsmót</u> U.M.F.Í. Framsögumaður: Gísli Andrésson. Kvað hann næsta Landsmótið verða haldið að Laugum í Þingeyjarsýslu á vori komanda. ~~Bað~~ hann að fulltrúar U.M.S.K. væri að kjósa á þessu þingi. Styrkur yrði um [dá] stýrk til þeirra fulltrúanna og íþróttamannanna. Kvað hann þegar ákveðið í hvaða greinum keppt yrði. ~~(af hálfu U.M.S.K.)~~. Væri það í flestum frjálsum íþróttum, auk þess í handknattleik kvenna. Máli þessu var vísað til allsherjarnefndar.

<u>IX</u> <u>Afstaða U.M.F.K. til U.M.SK.</u> Tómas hafði þegar rætt þetta mál nokkuð og var því vísað án framsögu til félagsmálanefndar.

<u>X</u> <u>"Önnur mál</u> Haraldur Steinþórsson bar upp 3 tillögur (þingskj. <u>II</u>, <u>III</u> og <u>IV</u>) Ólafur Þórðarson lagði til að tillagan á þingskj. <u>II</u> yrði ○ tekin þegar til umræðu og afgreidd án umræðu í nefnd. Þá tóku til máls: Stefán Magnússon,

Gísli Andrésson, Ólafur Ág.
Ólafsson, Böðvar Pétursson,
Haraldur Steinþórsson, Ól. Þórðar-
son (í annað sinn) Grímur Norð-
dahl, Ól. Ág. Ólafsson í annað
sinn — Voru allir sammála
um aðalinnihald tillögunnar
Ól. Ág. Ólafsson áleit hana þó
varhugaverða að svo komnu máli.
Tillagan var síðan samþykkt
samhljóða — Hinum tillögunum
var vísað til allsherjarnefndar.
Böðvar Pétursson gat þess að hann
hefði ætlað að leggja fram hér till.
er hefði þar ~~[illegible]~~ ekki tilbúna
, myndi hann leggja fyrir nefndina
þar fjallaði um lækkun kosn-
ingaaldursins og íþróttamál
(sjá þingskj. VI, VII og VIII) Gestur Andrés-

son benti á, að fyrir till.
hefði verið samþ. á þing-
inu í fyrra og send Alþingi.
Var þá e.t.v. rétt að senda
hana til stjórnarskrárnefndar.
Þá talaði Böðvar Pétursson í
annað sinn, Ól. Ág. Ólafsson
Stefán Magnússon kom
fram með [illegible]. tillögu-
nni, að allsherjarnefnd ~~[illegible]~~
bar fram tillögu sem fer
í bág við yfirlýsingu um
fylgi við nýsköpun atvinnu-
veganna (sjá þingskj. V) Þá
töluðu Har. Steinþórsson, Ól.
Ólafsson í annað sinn, Böðvar
Pétursson í þriðja sinn, Har.
Steinþórsson í annað sinn og
Ólafur í þriðja sinn. Tillög-

[illegible] var síðan öllum vís-
að til allsherjarnefndar. Gefið
fundarhlé til kl 4. —
Fundur var settur aftur
á tilsettum tíma. — Höfðu
nefndir þá lokið störfum.
XI Nefndir skila störfum.
a) Lagt fram álit allsherjarnefndar.
Haraldur Steinþórsson hafði orð
fyrir nefndinni. Ræddi hann um
till. á þingskj. III, IV, og V, Umræður
urðu engar ~~um~~ ræðu hans
lokinni. Voru tillögurnar þá born-
ar undir atkvæði og samþ. samhljóða.
Þá flutti Böðvar Pétursson till. ~~á~~
þingskj. VI og VII. Þá tók til
máls Gestur Andrésson. Fleiri
ræddu ekki till. í þetta sinn.
Voru þær bornar undir atkvæði

og samþ. samhlj. Þá bar
Böðvar fram till. á þingskj.
VIII, en um hana hafði
nefndin klofnað. Ól. Ág.
Ólafsson var einn í minni-
hluta og flutti till. á
þingskj. IX. — Þá talaði
Har. Steinþórsson. — Tillag-
an á þingskj. IX. a (dag-
skrártillagan) var síðan borin
upp og felld með 10:3 atkv.
Till. á þingskj. VIII samþ. með
öllum greiddum atkvæðum
b) Álit fjárhagsnefndar. Ól. Þórð-
arson hafði framsögu. Engin
tillögu mál lágu fyrir nefndinni
Lagt fram uppkast að fjárhags-
áætlun (þingskj. X) Gert ráð fyrir
að gjöld ~~til~~ sambandsins fari

að mestu í ferðastyrk og sjálfboðakostnað (til félaga innan þess. Ólafur las að endursendu upp till. á þingskj. XI. Fundarstjóri gat þess þá að af vangá hefði ein tillaga ekki borist allsherjarnefnd Var það munnl. tillaga frá Grími Norðdahl. Kvaðst Grímur munda skrifa till. upp og bera hana fram síðar, sem hann og gerði. (sjá þingskj. XIII.)
. Félagsmálanefnd skilaði störfum Stefán Magnússon hafði framsögu. Lýsti hann því yfir að (nefndin áliti að) breytingar á lögum sambandsins væru óþarfar, þótt það gengi í Í.S.Í. — Færði hann síðan rök fyrir því máli og

Grímur Norðdahl síðar (sjá lið VI í fundarg.) — Þá ræddi Stefán afstöðu U.M.F.R. til U.M.S.K. Las hann bréf frá U.M.F.R. til samb. (þingskj. XIV.) Þá talaði Gísli Andrésson. Kvaðst hann harma það, að aðstæður svo hefðu rekið U.M.F.R. til þess að segja sig úr sambandinu. Sagðist þó vona, að samvinna þessara ~~[illegible]~~ félagssamtaka gæti engu að síður orðið góð í framtíðinni. Þá töluðu þeir Böðvar Pétursson og Ól. Ág. Ólafsson og tóku báðir undir orð Gísla. Ólafur ~~[illegible]~~ ræddi einnig nokkuð um íþróttaráð það er lagt var til að skipað yrði á þingi samb. 1943 (þingskjal VIII í fundarg. þess þings) Kvað

hann váð þetta aldrei hafa slag-
að sjálfstætt, eins og váð
hefði verið fyrir gert, heldur
með sambandsstjórninni og
þannig yrði hentugast, að
starfinu yrði hagað í fram
tíðinni. Las hann síðan till.
á þingskj. XII. ~~og greinar~~ Var
hún ~~ko~~ samþykkt samhljóða.
Þá var komin fram till.
Grims Norðdahls (þingskj. XII) og
greinargerð. Var sú till. einnig
samþ. samhlj. — Formaður
las þá aftur úrsögn U.M.F.K.
Var það borið undir fundinn, hvort
úrsögnin ~~ætti~~ að ödlast
gildi. Var það samþykkt.
XII. Þá lá næst fyrir að
kjósa fulltrúa á þing

U.M.F.Í., sem hád verið á
vori hvernað. Var ein kosa-
ing óbundin. Fékk Gísli
Andrésson flest atkvæði
(7) en þeir Ólafur Þórðarson
og Njáll Guðmundsson
voru jafnir í fyrstu umferð.
Fór þá fram bundin kosning
milli þeirra. Fékk Ólafur
þá meiri hluta atkvæða. Vara-
menn voru kjörnir þeir
Teitur Guðmundsson og Njáll
Guðmundsson.
XIII. Stjórnarkosning. Formaður
var kosinn Gísli Andrésson með
samhljóða atkvæðum. Gjald-
keri Ólafur Þórðarson með
samhlj. atkvæðum. Ritari
Teitur Guðmundsson með 5 atkv.

Jóel Jóelsson fékk 2 atkv., Njáll Guðmundsson, Ólafur Bjarnason og Oddur Þórðarson fengu 1 atkv. hver.

<u>Varastjórn</u> Jóel Jóelsson
Njáll Guðmundsson
Ólafur Bjarnason

<u>Endurskoðendur</u>: Jóhann ~~Ólafsson~~ Guðmundsson
Magnús Lárusson

<u>Fjáröflunarnefnd</u> Oddur Þórðarson
Ólafur Bjarnason
Magnús Lárusson
Jóhann Guðmundsson
Njáll Guðmundsson

Fundarstjóri mælti nokkur orð til félaga, þakkaði góða samvinnu, árnaði U.M.F. Reykjavíkur allra heilla og ítrekaði enn áskorun um gott samstarf í framtíðinni

Var þá störfum lokið og fundinum slitið um kl 7.

Sigr. Ingimarsdóttir
(ritari)

## Þingskjal I

Dagskrá 23. þings U.M.S.K.

1. Þingið sett
2. Kosin kjörbréfanefnd
3. Álit kjörbréfanefndar
4. Kosnir starfsmenn þingsins
5. Skýrsla stjórnarinnar
6. Nefndarkosningar
7. Lagabreytingar.
8. Landsmót U.M.F.Í.
9. Afstaða Ungmennafél. Rvk. til U.M.S.K.
10. Önnur mál.
11. Nefndaálit.
12. Kosnir fulltrúar á þing U.M.F.Í.
13. Stjórnarkosning
14. Þingslit.

## Þingskjal II

23. þing U.M.S.K. lýsir sig algjörlega andvígt því, að nokkru erlendu ríki verði leigðar hernaðarbækistöðvar á Íslandi. Slíkt myndi vera hinn mesti háski fyrir tungu okkar, þjóðerni og menningu. Telur þingið það skyldu ~~[illegible]~~ stjórnarvaldanna, að vísa allri erlendri ásælni tafarlaust á bug

Haraldur Steinþórsson

Samþykkt

## Þingskjal III

23. þing U.M.S.K. lýsir sig fylgjandi hugmynd þeirri, sem Björn Guðfinnsson hefur komið fram með um stúdentspróf í áföngum.

Haraldur Steinþórsson

Samþykkt

## Þingskjal IV

23. þing U.M.S.K. lýsir yfir ánægju sinni yfir fræðslulagafrumvarpi því, sem borið hefir verið fram á Alþingi fyrir tilmæli kennslumálaráðherra og samið er af milliþinganefnd í skólamálum. Þingið telur það mikla framför í íslenzkum skólamálum, ef það verður að lögum.

Haraldur Steinþórsson
Jóel Jóelsson
Böðvar Pétursson
Njáll Guðmundsson
Ólafur Ág. Ólafsson

Samþykkt.

## Þingskjal V

23. þing U.M.S.K. lýsir yfir fylgi sínu við stefnumörkun ríkisstjórnar um nýsköpun atvinnuveganna. Leggur það áherzlu á, að framkvæmd þessarar stefnuskrár sé undirstaða undir heilbrigðu atvinnulífi og efnahagslegu sjálfstæði landsins, og er það jafnframt bezta tryggingin fyrir því, að íslenzk æska fái notið sem ákjósanlegastra uppvaxtar og menningarskilyrða.

Böðvar Pétursson Njáll Guðmundss
Ólafur Ág. Ólafsson Jóel Jóelsson
Haraldur Steinþórsson

Samþykkt

X

Þingskjal VI

Þingið telur, að aðbúnaður
til íþróttaiðkana æskufólks
víða úti á landi sé það lé-
legur, og í svo miklum
ólestri, að núverandi skip-
un í þeim málum sé
vítavert og óþolandi; og að
efna beri að mjög bráðri
endurbót og uppbyggingu
á þeim sviðum. T.d. með
byggingu fullkominna sund-
lauga, íþróttasvæða og leik-
fimishúsa í öllum kaup-
stöðum og stærri þorpum.
Ennfremur að sundlaugar
verði byggðar svo fljótt sem
unnt er í þeim sýslum
sem æskan hefur ekki

haft tækifæri til sund-
iðkana. Þingið vill skora
á ríkisstjórnina að hlut-
ast til um, að þeir
aðilar, sem ráðist í
byggingu íþróttahúsa, íþrótta-
svæða eða sundlauga, eigi
aðgang að hagkvæmum lán-
um í þessu skyni, og hækk-
aðir verði styrkir hins opin-
bera til slíkra framkvæmda
frá því sem nú er. Þá skorar
þingið á fræðslumálastjórnina, að
hraði undirbúningi á því
sviði að gera leikfimis-
kennslu framkvæmanlega
í öllum barnaskólum
landsins.

Samþ.
Böðvar Pétursson Ólafur Ág. Ólafsson Jóel Jóelss.
Njáll Guðmundsson Har. Steinþórsson

X Þingskjal VII

23. þing U.M.S.K. skorar á hið opinbera að hraða framkvæmdum um byggingu íþróttaleikvangs í Laugardalnum við Reykjavík. Þar gæti orðið miðstöð íþróttastarfseminnar á öllu landinu. og verði öllum ungmenna og íþróttafélögunum gefinn kostur á að halda þar kappmót sín. Einnig verði á sama hátt af hálfu þess opinbera komið upp veglegri íþróttahöll, þar sem vera gæti miðstöð vera gæti mið-stöð innniíþróttastarfseminnar

Böðvar Pétursson Njáll Guðmundsson
Haraldur Steinþórsson Jóel Jóelsson
Ólafur Ág: Ólafsson

Samþykkt

X Þingskjal VIII

23. þing U.M.S.K. samþykkir að ítreka samþykkt síðasta sambandsþings um lækkun kosningaaldurs niður í 18 ár, og verði þeirri samþykkt komið á framfæri við stjórnarskrárnefnd

Böðvar Pétursson
Njáll Guðmundsson
Jóel Jóelsson
Har. Steinþórsson

Samþykkt 12:3

Þingskjal IX

23 þing U.M.S.K. álítur ekki rétt að fara fram á stjórnarskrárbreytingu gagnvart niðurfærslu á kosningaaldri að svo stöddu. Ólafur Ág: Ólafsson

Felld með 10:3

## Þingskjal X

Fjárhagsáætlun 1946

Tekjur:

| | |
|---|---|
| Félagssjóður | 3580,18 |
| Skattar félaga | 453 — |
| Óvissar tekjur | 1000 — |
| Alls | 4983 — |

Gjöld

| | |
|---|---|
| Til fastakostnaðar á íþróttamót U.M.F.Í. og sambandsþing. | 3000 — |
| Til íþróttakennslu | 1000 — |
| Óviss útgjöld | 983 — |
| Alls. | 4983 — |

Fjárhagsnefnd

Samþykkt.

## Þingskjal XI

23. þing U.M.S.K. samþykkir að kjósa 5 manna nefnd, er starfi næsta ár að fjáröflun fyrir sambandið með samkomum, hlutaveltu eða bögglauppboði eftir því sem henta þykir. Ennfremur felur þingið stjórninni að leita eftir fjárframlögum til íþróttamála frá viðkomandi hreppa og sýslufélögum

Fjárhagsnefnd

Samþykkt

## Þingskjal XII

23. þing U.M.S.K. samþykkir að íþróttaráð skipi 1 maður frá hverju félagi innan sambandsins ásamt stjórn

þess, og er formaður Sambandsins sjálfkjörinn formaður ráðsins.
Samþykkt.

x Þingskjal XIII

13. þing U.M.S.K. telur ekki rétt, að íþrótta~~félag~~ lögin banni skólanemendum þátttöku í frjálsu íþróttastarfi innan ungmennafélaga eða íþróttafélaga og skorar því á hið háa alþingi að fella úr gildi 16. grein íþróttalaganna og aðrar hliðstæðar greinar í lögum og reglum íþróttamálanna.

Greinargerð:
Það er ekki hægt að fallast á það sjónarmið, að skólaæskunni sé nein sérstök hætta búin af æfingunum innan hinnar frjálsu íþróttastarfsemi, og ómögulegt að sjá skynsamlega ástæðu til þess, að skólaæskan þurfi að fá sérstakt leyfi til æfinga frekar en annar æskulýður enda margir þeir hlutir, sem óneitanlega eru óhollari en íþróttaæfingar, sem kennarar eða skólastjórar hafa ekki heimild til að banna.
Frá almennu sjónarmiði virðist það skjóta nokkuð skökku við, ef hægt er að nota ákvæði íþróttalaganna til þess að ~~að~~ torvelda frjálsa íþróttastarfsemi í landinu. Misbeiting þessa valds

getur hugleg lagt mönnunum
frá því að ná þeim árangri,
sem hæfileikar þeirra leyfa.

Grímur S. Norðdahl

Samþykkt.

## Þingskjal XIV.

Reykjavík, 9. des. 1945.

Þar sem vitað er, að U.M.S.K. ætlar að ganga í Í.S.Í., en lög þess mæla svo fyrir, að ekkert félag geti verið í tveimur samböndum innan Í.S.Í., en Umf. Reykjavíkur er þegar í Í.B.R., segir það sig úr með úr U.M.S.K. Óskar sambandinu allra heilla, þakkar góða samvinnu og vonast til að hún haldist um ófyrirsjáanlega framtíð.

Stjórn U.M.F.R. Samþ.